

## REGLUGERÐ

### um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar eftirlits- og útrýmingaráætlanir og sjúkdómalaus stöðu ríkja, svæða og hólfa.

#### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2010, frá 11. nóvember 2010, öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2009/177, um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar eftirlits- og útrýmingaráætlanir og sjúkdómalaus stöðu aðildarríkja, svæða og hólfa.

#### 2. gr.

Ofangreind ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

#### 3. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 93/1995, um matvæli, lög nr. 55/1998, um sjávarafurðir, lög nr. 71/2008, um fiskeldi, lög nr. 54/1990, um innflutning dýra, lög nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lög nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum, nema annað sé ákveðið samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

#### 4. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum eða fangelsi. Um þvingunarræði og viðurlög vísast til laga nr. 93/1995, um matvæli, laga nr. 55/1998, um sjávarafurðir, laga nr. 71/2008, um fiskeldi, laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og laga nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr. 55/1998, um sjávarafurðir, lögum nr. 71/2008, um fiskeldi, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lögum nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. febrúar 2013.*

F. h. r.

**Halldór Runólfsson.**

---

*Baldur P. Erlingsson.*

**Fylgiskjal.****ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

frá 31. október 2008

**um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar eftirlits- og útrýmingaráætlanir og sjúkdómalaus stöðu aðildarríkja, svæða og hólfa***(tilkynnt með númeri C(2008) 6264)***(Texti sem varðar EES)**

(2009/177/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum <sup>(1)</sup>, einkum 44. gr. (fyrstu undirgrein 1. mgr.), 44. gr. (fyrstu undirgrein 2. mgr.), 44. gr. (3. mgr.), 49. gr. (1. mgr.), 50. gr. (a-lið 2. mgr.), 50. gr. (3. mgr.), 51. gr. (2. mgr.), 59. gr. (2. mgr.), 61. gr. (3. mgr.) og 64. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í tilskipun 2006/88/EB er mælt fyrir um fyrirbyggjandi lágmarksráðstafanir sem miðast að því að auka vitund og viðbúnað lögbærra yfirvalda, stjórnenda lagareldisfyrirtækja og annarra sem tengjast þessum iðnaði, að því er varðar sjúkdóma í lagareldisdýrum, og lágmarksvarnarráðstafanir sem beita skal ef tilteknir sjúkdómar koma upp í lagardýrum eða ef grunur leikur á um slíkt. Frá og með 1. ágúst 2008 fellir hún úr gildi og kemur í stað fyrir tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða <sup>(2)</sup>.
- 2) Í 1. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB er kveðið á um að ef aðildarríki, sem ekki er vitað til að sé sýkt en hefur ekki verið lýst laust við einn eða fleiri af þeim sjúkdómum, sem eru ekki framandi og eru skráðir í II. hluta IV. viðauka við tilskipunina, semur eftirlitsáætlun til að ná þeirri stöðu að teljast laust við einn eða fleiri viðkomandi sjúkdóma skuli það leggja áætlunina fram til samþykkis í samræmi við reglunefndarmeðferðina.
- 3) Í 1. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB er einnig kveðið á um að ef þeirri eftirlitsáætlun er ætlað að ná til

einstakra hólfa eða svæða, sem þekja innan við 75% af yfirráðasvæði aðildarríkis og svæðið eða hólfid nær yfir vatnasvið, sem er ekki sameiginlegt með öðru aðildarríki eða þriðja landi, skuli fara eftir annarri málsmeðferð, þ.m.t. fyrirmyndir að eyðublöðum sem ber að leggja fyrir fastanefndina um matvælaferlið og heilbrigði dýra (nefndin), eins og kveðið er á um í 2. mgr. 50. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

- 4) Í 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB er kveðið á um að ef aðildarríki, sem vitað er að er sýkt af einum eða fleiri af þeim sjúkdómum sem eru ekki framandi og eru skráðir í II. hluta IV. viðauka við tilskipunina, semur útrýmingaráætlun vegna eins eða fleiri þessara sjúkdóma skuli það leggja áætlunina fram til samþykkis í samræmi við reglunefndarmeðferðina.
- 5) Ef aðildarríki vill öðlast þá stöðu að teljast laust við einn eða fleiri af þeim sjúkdómum sem eru ekki framandi og eru skráðir í II. hluta IV. viðauka við þá tilskipun, að því er varðar allt yfirráðasvæði þess skv. 1. mgr. 49. gr. tilskipunar 2006/88/EB, þá skal það leggja fram nauðsynleg gögn til að geta verið lýst sjúkdóma-laut í samræmi við reglunefndarmeðferðina.
- 6) Í 1. mgr. 50. gr. tilskipunar 2006/88/EB er kveðið á um að aðildarríki geti lýst því yfir að svæði eða hólf á yfirráðasvæðis þess sé laust við einn eða fleiri sjúkdóma, sem eru ekki framandi og eru skráðir í II. hluta IV. viðauka við tilskipunina, með tilteknum skilyrðum. Aðildarríki sem gefur frá sér slíka yfirlýsingu skal senda hana til nefndarinnar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þeirrar greinar.
- 7) Að auki er kveðið á um það í 3. mgr. 50. gr. tilskipunar 2006/88/EB að ef svæði eða hólf þekja meira en 75% af yfirráðasvæði aðildarríkis eða ná yfir vatnasvið, sem er sameiginlegt með öðru aðildarríki eða þriðja landi, skuli reglunefndarmeðferðin koma í stað málsmeðferðarinnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 50. gr. þeirrar tilskipunar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

- 8) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um ítarleg ákvæði til að tilgreina í hvaða tilvikum ber að samþykkja eftirlits-áætlanir og yfirlýsingar um sjúkdómalaus stöðu í samræmi við reglunefndarmeðferðina.
- 9) Taka skal saman skrár yfir aðildarríki, svæði eða hólfi, sem falla undir eftirlits- eða útrýmingaráætlanir sem samþykktar eru í samræmi við reglunefndarmeðferðina, eða sem samþykkt hefur verið að veita sjúkdómalaus stöðu.
- 10) Mæla skal fyrir um fyrirmyndir að eyðublöðum fyrir eftirlitsáætlanir sem eru lagðar fram til samþykkis og fyrir yfirlýsingar um slíkar áætlanir. Einnig skal gera fyrirmynd að eyðublaði fyrir aðildarríki til að tilkynna um þróun tiltekinnna útrýmingaráætlna og tiltekinnna eftirlitsáætlna. Að auki skal mæla fyrir um fyrirmynd að eyðublaði fyrir framlagningu umsóknna um sjúkdómalaus stöðu til samþykkis ásamt yfirlýsingum um slíka stöðu.
- 11) Í V. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/425/EB frá 25. apríl 2008 um staðalkröfur varðandi framlagningu aðildarríkjanna, vegna fjármögnunar Bandalagsins, á landsáætlunum um útrýmingu tiltekinnna dýrasjúkdóma og sjúkdóma, sem berast milli manna og dýra, varnir gegn þeim og vöktun þeirra<sup>(1)</sup> er ítarleg greining á kostnaði við áætlanir sem aðildarríkin óska eftir að fá fjárframlag til. Til að tryggja samræmi í löggjöf Bandalagsins skal fyrirmyndin að eyðublaðinu fyrir framlagningu útrýmingaráætlna til samþykkis samkvæmt tilskipun 2006/88/EB vera í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í þeim viðauka.
- 12) Aðildarríki þurfa að leggja fram upplýsingar árlega til að hægt sé að meta þróun samþykkttra eftirlitsáætlna svo og samþykkttra útrýmingaráætlna sem ekki hljóta fjárframlög frá Bandalaginu. Í því skyni skal leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina á hverju ári. Í ljósi þess að útrýmingaráætlanir sem hljóta fjárframlög frá Bandalaginu falla undir ákvörðun ráðsins 90/424/EBE frá 26. júní 1990 um útgjöld á sviði dýraheilbrigðismála<sup>(2)</sup> skulu aðildarríki gefa skýrslur um tæknileg og fjárhagsleg málefni þessara áætlna í samræmi við þá ákvörðun.
- 13) Yfirlýsingar um eftirlitsáætlanir og yfirlýsingar um sjúkdómalaus stöðu, sem aðildarríki senda nefndinni, skulu vera aðgengilegar framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum með rafrænum hætti. Frá tæknilegu sjónarmiði er upplýsingasiða á Netinu
- hagkvæmasta lausnin þar eð hún tryggir auðveldan aðgang að slíkum yfirlýsingum.
- 14) Samkvæmt tilskipun 91/67/EBE voru sjúkdómalaus svæði, fiskeldisstöðvar og áætlanir í því skyni að öðlast stöðu sjúkdómalaus svæðis samþykktar með eftirfarandi ákvörðunum: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/308/EB frá 22. apríl 2002 um skrá yfir viðurkennd svæði og viðurkenndar eldisstöðvar með tilliti til fiskisjúkdómanna veirublæðingar og/eða iðradreps<sup>(3)</sup>, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/300/EB frá 18. apríl 2002 um skrá yfir svæði sem eru viðurkennd með tilliti til bónamiósis (*Bonamia ostreae*) og/eða marteilíosis (*Marteilia refringens*)<sup>(4)</sup>, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/634/EB frá 28. ágúst 2003 um samþykkt áætlana um að ná stöðu viðurkenndra svæða og viðurkenndra eldisstöðva á svæðum sem ekki eru viðurkennd með tilliti til veirublæðingar og iðradreps í fiski<sup>(5)</sup> og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/722/EB frá 25. október 1994 um samþykki áætlunar sem Frakkland hefur lagt fram og fjallar um bónamiósis og marteilíosis<sup>(6)</sup>.
- 15) Viðmiðanirnar í tilskipun 2006/88/EB um veitingu sjúkdómalausrar stöðu eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/67/EBE að því er varðar samþykki á öllu yfirráðasvæði aðildarríkjanna, á svæðum inn til landsins og eldisstöðvum á svæðum sem ekki eru viðurkennd.
- 16) Þar af leiðandi skal ekki skylt að tilkynna um svæði inn til landsins og eldisstöðvar, sem samþykkt hafa verið samkvæmt tilskipun 91/67/EBE, til nefndarinnar í samræmi við tilskipun 2006/88/EB. Þeim skal einnig bætt á skrána yfir svæði og hólfi sem eru aðgengileg á síðunum á Netinu sem komið er á fót með þessari ákvörðun.
- 17) Hins vegar er ekki kveðið á um hugtakið strandsvæði í tilskipun 2006/88/EB. Aðildarríkin skulu því endurmeta svæði sem áður höfðu verið viðurkennd sem sjúkdómalaus strandsvæði samkvæmt tilskipun 91/67/EBE og leggja fram nýja umsókn, eða nýja yfirlýsingu ef við á, samkvæmt tilskipun 2006/88/EB.
- 18) Því ber að fella úr gildi ákvarðanir 2002/300/EB og 2002/308/EB frá og með 1. ágúst 2009 og veita aðildarríkjum þar með nægan tíma til að leggja fram nýjar yfirlýsingar eða umsóknir að því er varðar þessi strandsvæði.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 159, 18.6.2008, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 19.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 106, 23.4.2002, bls. 28.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 103, 19.4.2002, bls. 24.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 220, 3.9.2003, bls. 8.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 288, 9.11.1994, bls. 47.

19) Í tilskipun 91/67/EBE er ekki gerður greinarmunur á eftirlits- og útrýmingaráætlunum. Í ljósi þess að kröfurnar sem gilda um slíkar áætlanir eru jafngildar þó að líta svo á að þær áætlanir sem hafa verið samþykktar samkvæmt ákvörðunum 2003/634/EB og 94/722/EB séu í samræmi við tilskipun 2006/88/EB. Aðildarríkin skulu veita framkvæmdastjórninni upplýsingar um þessar áætlanir fyrir 30. apríl 2009, í þeim tilgangi að ákvarða á hverjar þeirra beri að líta sem eftirlits- eða útrýmingaráætlanir og í kjölfarið bæta þeim á viðeigandi skrár sem settar eru fram í þessari ákvörðun.

20) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

#### 1. ÞÁTTUR

### FRAMLAGNING EFTIRLITSÁÆTLANA OG YFIRLÝSINGA UM SJÚKDÓMALAUSA STÖÐU TIL SAMÞYKKIS

1. gr.

#### Skilyrði fyrir framlagningu eftirlitsáætlana til samþykkis

1. Einungis skal leggja fram eftirlitsáætlanir til samþykkis, eins og kveðið er á um í fyrstu undirgrein 1. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB, ef þær ná yfir eftirfarandi:

- allt yfirráðasvæði aðildarríkis,
- hólf eða flokka hólfa sem þekja meira en 75% af strandsvæði viðkomandi aðildarríkis að því er varðar sjúkdóma sem hafa eingöngu áhrif á tegundir sem lifa í söltu vatni,
- svæði og hólf, eða flokka þeirra, sem þekja meira en 75% af svæðum inn til landsins í viðkomandi aðildarríki að því er varðar sjúkdóma sem hafa eingöngu áhrif á tegundir sem lifa í ferskvatni,
- svæði og hólf, eða flokka þeirra, sem þekja meira en 75% af svæðum inn til landsins og strandsvæðum í viðkomandi aðildarríki að því er varðar sjúkdóma sem hafa bæði áhrif á tegundir sem lifa í söltu vatni og í ferskvatni,
- svæði og hólf sem ná yfir vatnasvið sem er sameiginlegt með öðru aðildarríki eða þriðja landi.

2. Í þessari ákvörðun telst hólf eða flokkur hólfa á strandsvæði ná yfir meira en 75% af strandsvæði aðildarríkis ef hann nær yfir meira en 75% af strandlengjunni, sé hún mæld meðfram grunnlínu strandarinnar.

2. gr.

#### Skilyrði fyrir framlagningu yfirlýsinga um sjúkdómalausastöðu til samþykkis

Einungis skal leggja fram yfirlýsingar um sjúkdómalausastöðu til samþykkis, eins og kveðið er á um í 3. mgr. 50. gr. tilskipunar 2006/88/EB, ef yfirlýsingin er í samræmi við eitthvert þeirra skilyrða sem sett eru fram í 1. mgr. 1. gr. þessarar ákvörðunar.

#### 2. ÞÁTTUR

### SKRÁR YFIR AÐILDARRÍKI, SVÆÐI OG HÓLF, SEM FALLA UNDIR SAMÞYKKTAR EFTIRLITS- OG ÚTRÝMINGARÁÆTLANIR, OG SJÚKDÓMALAUS SVÆÐI

3. gr.

#### Aðildarríki, svæði og hólf sem falla undir samþykktar eftirlitsáætlanir

Aðildarríki, svæði og hólf sem falla undir eftirlitsáætlun sem samþykkt hefur verið í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB eru talin upp í öðrum og fjórða dálki töflunnar í A-hluta I. viðauka við þessa ákvörðun, að því er varðar þá sjúkdóma sem tilgreindir eru í þeirri töflu.

4. gr.

#### Aðildarríki, svæði og hólf sem falla undir samþykktar útrýmingaráætlanir

Aðildarríki, svæði og hólf sem falla undir útrýmingaráætlun sem samþykkt hefur verið í samræmi við fyrstu undirgrein 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB eru talin upp í öðrum og fjórða dálki töflunnar í B-hluta I. viðauka við þessa ákvörðun, að því er varðar þá sjúkdóma sem tilgreindir eru í þeirri töflu.

5. gr.

#### Sjúkdómalaus aðildarríki, svæði og hólf

Aðildarríki, sem hafa verið lýst sjúkdómalaus í samræmi við 1. mgr. 49. gr. tilskipunar 2006/88/EB, og svæði og hólf sem hafa verið lýst sjúkdómalaus í samræmi við 3. mgr. 50. gr. þeirrar tilskipunar, eru talin upp í öðrum og fjórða dálki töflunnar í C-hluta I. viðauka við þessa ákvörðun, að því er varðar þá sjúkdóma sem tilgreindir eru í þeirri töflu.

## 3. ÞÁTTUR

**FYRIRMYNDIR AÐ EYÐUBLÖÐUM FYRIR  
FRAMLAGNINGU YFIRLÝSINGA OG UMSÓKNA**

## 6. gr.

**Fyrirmyndir að eyðublöðum fyrir eftirlitsáætlanir**

1. Framlagning á eftirlitsáætlunum til samþykkis, eins og kveðið er á um í fyrstu undirgrein 1. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB, skal vera í samræmi við fyrirmyndirnar að eyðublöðum sem settar eru fram í II. og III. viðauka við þessa ákvörðun.

2. Framlagning á yfirlýsingum varðandi eftirlitsáætlanir, sem kveðið er á um í fjórðu undirgrein 1. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB, skal vera í samræmi við fyrirmyndina að eyðublaði sem sett er fram í II. viðauka við þessa ákvörðun.

## 7. gr.

**Fyrirmyndir að eyðublöðum fyrir útrýmingaráætlanir**

Framlagning á útrýmingaráætlunum til samþykkis, eins og kveðið er á um í fyrstu undirgrein 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB, skal vera í samræmi við fyrirmyndina að eyðublaði sem sett er fram í V. viðauka við ákvörðun 2008/425/EB.

## 8. gr.

**Fyrirmyndir að eyðublöðum fyrir framlagningu varðandi  
sjúkdómalausastöðu**

1. Framlagning gagna vegna viðurkenningar á sjúkdómalausri stöðu, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 49. gr. og 3. mgr. 50. gr. tilskipunar 2006/88/EB, skal vera í samræmi við fyrirmyndirnar að eyðublöðum sem settar eru fram í IV. og V. viðauka við þessa ákvörðun.

2. Framlagning yfirlýsinga um sjúkdómalausastöðu svæða eða hólfa, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 50. gr. tilskipunar 2006/88/EB, skal vera í samræmi við fyrirmyndirnar að eyðublöðum sem settar eru fram í IV. og V. viðauka við þessa ákvörðun.

3. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er aðildarríkjum ekki skylt, þegar til stendur að öðlast þá stöðu að vera laus við sjúkdóma í samræmi við a- eða b-lið 1. mgr. 49. gr. eða 1. lið I. hluta V. viðauka við tilskipun 2006/88/EB, að leggja fram fyrirmyndirnar að eyðublöðum sem settar eru fram í V. viðauka við þessa ákvörðun.

## 4. ÞÁTTUR

**SKYLDUR VARÐANDI SKÝRSLUR OG  
UPPLÝSINGAR Á NETINU**

## 9. gr.

**Skýrslugjöf**

Eigi síðar en 30. apríl ár hvert skulu aðildarríkin leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um eftirfarandi:

a) eftirlitsáætlanir sem hafa verið samþykktar í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB,

b) útrýmingaráætlanir sem ekki hljóta fjárframlög frá Bandalaginu og hafa verið samþykktar í samræmi við fyrstu undirgrein 2. mgr. 44. gr. þeirrar tilskipunar.

Skýrslan skal vera í samræmi við fyrirmyndina að eyðublaðinu sem sett er fram í VI. viðauka við þessa ákvörðun.

## 10. gr.

**Upplýsingasiður á Netinu**

1. Aðildarríkin skulu koma á fót upplýsingasiðum á Netinu og halda þeim uppfærðum í þeim tilgangi að gera:

a) yfirlýsingar um eftirlitsáætlanir, sem lagðar eru fyrir fastanefndina um matvælaferlið og heilbrigði dýra („nefndina“) í samræmi við fjórðu undirgrein 1. mgr. 44. gr. og 2. mgr. 50. gr. tilskipunar 2006/88/EB, aðgengilegar framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum,

b) yfirlýsingar um sjúkdómalausastöðu, sem lagðar eru fyrir nefndina í samræmi við 2. mgr. 50. gr. þeirrar tilskipunar, aðgengilegar framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum,

c) skrána yfir svæði eða hólfa, sem lýst hefur verið yfir að falli undir viðurkennda eftirlitsáætlun eða séu sjúkdómalaus, í samræmi við 2. mgr. 50. gr. þeirrar tilskipunar, aðgengilega öllum.

2. Þegar aðildarríkin birta yfirlýsingar af því tagi, sem vísað er til í a- og b-lið 1. mgr., á viðkomandi upplýsingasiðum á netinu skulu þau tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni vefköng upplýsingasiðanna á Netinu sem kveðið er á um í 1. mgr.

## 5. ÞÁTTUR

**UMBREYTINGARÁKVÆÐI**

## 11. gr.

**Umbreytingarákvæði að því er varðar sjúkdómalausastöðu**

1. Svæði inn til landsins, sem eru viðurkennd með tilliti til veirublæðis (VHS) og iðradreps (IHN) með ákvörðun 2002/308/EB og skráð í I. viðauka við hana, skulu teljast til svæða sem uppfylla skilyrðin fyrir sjúkdómalausastöðu sem sett er fram í V. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.

2. Fiskeldisstöðvar, sem eru viðurkenndar með tilliti til veirublæðis og iðradreps með ákvörðun 2002/308/EB og skráðar í II. viðauka við hana, skulu teljast til hólfá, sem uppfylla skilyrðin fyrir sjúkdómalaus hólf sem sett eru fram í V. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.

3. Svæði inn til landsins og fiskeldisstöðvar, sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skulu færð í skrána yfir svæði og hólf sem tekin var saman í samræmi við c-lið 1. mgr. 10. gr.

4. Þrátt fyrir 2. mgr. 50. gr. tilskipunar 2006/88/EB er aðildarríkjum ekki skylt að leggja yfirlýsingar fyrir nefndina að því er varðar þau svæði inn til landsins og þær fiskeldisstöðvar sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

*12. gr.*

**Umbreytingarákvæði að því er varðar samþykktar áætlanir**

1. Þrátt fyrir 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB er aðildarríkjum ekki skylt að leggja fram eftirlits- og útrýmingaráætlanir, sem voru samþykktar í þeim tilgangi að öðlast stöðu samþykktra svæða að því er varðar eftirfarandi:

a) veirublæði og iðradrep með ákvörðun 2003/634/EB,

b) ostruveiki og marteliuveiki með ákvörðun 94/722/EB.

2. Eigi síðar en 30. apríl 2009 skulu hlutaðeigandi aðildarríki leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu um áætlanirnar sem um getur í 1. mgr., þar sem fram kemur a.m.k. eftirfarandi:

- a) upplýsingar um landfræðilega afmörkun áætlanna,
- b) upplýsingar sem krafist er samkvæmt VI. viðauka fyrir næstliðin fjögur ár sem áætlunum hefur verið framfylgt.

6. ÞÁTTUR

**LOKAÁKVÆÐI**

*13. gr.*

**Niðurfelling**

Ákvörðun 2002/300/EB og ákvörðun 2002/308/EB eru felldar úr gildi frá og með 1. ágúst 2009.

*14. gr.*

**Beiting**

Ákvörðun þessi gildir frá 1. nóvember 2008.

*15. gr.*

**Viðtakendur**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 31. október 2008.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Androulla VASSILIOU

*framkvæmdastjóri.*

## I. VIÐAUKI

## A-HLUTI

## Aðildarríki, svæði og hólf sem falla undir samþykktar eftirlitsáætlanir

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun svæðisins sem fellur undir eftirlitsáætlun (aðildarríki, svæði eða hólf)
Veirublæði (VHS)			
Iðradrep (IHN)			
Skjónakarpaherpesveiki (e. Koi herpes virus disease)			
Blóðþorri (ISA)			
Sýking af völdum marteliuveikisýkils (Martelia refringens)			
Sýking af völdum ostruveikisýkils (Bonamia ostreae)			
Hvítblettaveiki			

## B-HLUTI

## Aðildarríki, svæði og hólf sem falla undir samþykktar útrýmingaráætlanir

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun svæðisins sem fellur undir útrýmingaráætlun (aðildarríki, svæði eða hólf)
Veirublæði (VHS)			
Iðradrep (IHN)			
Skjónakarpaherpesveiki (e. Koi herpes virus disease)			
Blóðþorri (ISA)			
Sýking af völdum marteliuveikisýkils (Martelia refringens)			
Sýking af völdum ostruveikisýkils (Bonamia ostreae)			
Hvítblettaveiki			

## C-HLUTI

## Aðildarríki, svæði og hólf sem lýst hafa verið sjúkdómalaus

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun sjúkdómalaus svæðisins (aðildarríki, svæði eða hólf)		
Veirublæði (VHS)	Danmörk	DK	Vatnasvið og strandsvæði við: <ul style="list-style-type: none"> <li>– Hansted Á</li> <li>– Hovmølle Á</li> <li>– Grenå</li> <li>– Treå</li> <li>– Alling Á</li> <li>– Kastbjerg</li> <li>– Villestrup Á</li> <li>– Korup Á</li> <li>– Sæby Á</li> <li>– Elling Á</li> <li>– Uggerby Á</li> <li>– Lindenberg Á</li> <li>– Øster Á</li> <li>– Hasseris Á</li> <li>– Binderup Á</li> <li>– Vidkær Á</li> <li>– Dybvad Á</li> <li>– Bjørnsholm Á</li> <li>– Trend Á</li> <li>– Lerkenfeld Á</li> <li>– Vester Á</li> <li>– Lønnerup med tilløb</li> <li>– Fiskbæk Á</li> <li>– Slette Á</li> <li>– Bredkær Bæk</li> <li>– Vandløb til Kilen</li> <li>– Resenkær Á</li> <li>– Klostermølle Á</li> <li>– Hvidbjerg Á</li> <li>– Knidals Á</li> <li>– Spang Á</li> <li>– Simsted Á</li> <li>– Skals Á</li> <li>– Jordbro Á</li> <li>– Fåremølle Á</li> <li>– Flynder Á</li> <li>– Damhus Á</li> <li>– Karup Á</li> <li>– Gudenaen</li> <li>– Halkær Á</li> <li>– Storåen</li> <li>– Århus Á</li> <li>– Bygholm Á</li> <li>– Grejs Á</li> <li>– Ørum Á</li> </ul>		
			Írland	IE	Öll svæði inn til landsins og strandsvæði á yfirráðasvæði þess, nema: <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Cape Clear-eyja</li> </ol>
			Kýpur	CY	Öll svæði inn til landsins á yfirráðasvæði þess
			Finland	FI	Öll svæði inn til landsins og strandsvæði á yfirráðasvæði þess, nema: <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Ålandssýsla,</li> <li>2. sveitarfélögin Uusikaupunki, Pyhäranta og Rauma</li> </ol>
			Svíþjóð	SE	Allt yfirráðasvæðið
			Bretland	UK	Öll svæði inn til landsins og strandsvæði á yfirráðasvæði þess, nema: <ol style="list-style-type: none"> <li>1. vatnasvið árinna Ouse frá upptökum hennar að eðlilegum flóðmörkum við Naburn Loch og Weir, og</li> <li>2. sóttvarnabelti sem samanstendur af vatninu í ármynni Humber frá eðlilegum flóðmörkum við Barnby Barrage, Naburn Lock og Weir, járnbrautarbrúnni við Ulleskelf, Chapel Haddlesey Weir og Long Sandall Lock að línu sem liggur í hánorður frá hafnargarðinum í Whitgift</li> </ol> <p>Öll svæði inn til landsins og strandsvæði á Norður-Írlandi, Guernsey, Mön og Jersey</p>



Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun sjúkdómalaus svæðisins (aðildarríki, svæði eða hólf)
Iðradrep (IHN)	Danmörk	DK	Allt yfirráðasvæðið
	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Kýpur	CY	Öll svæði inn til landsins á yfirráðasvæði þess
	Finnland	FI	Allt yfirráðasvæðið
	Svíþjóð	SE	Allt yfirráðasvæðið
	Bretland	UK	Öll svæði inn til landsins og strandsvæði á Stóra-Bretlandi, Norður-Írlandi, Guernsey, Mön og Jersey
Skjónakarpaherpesveiki (e. Koi herpes virus disease)			
Blóðþorri (ISA)	Belgía	BE	Allt yfirráðasvæðið
	Búlgaría	BG	Allt yfirráðasvæðið
	Tékkland	CZ	Allt yfirráðasvæðið
	Danmörk	DK	Allt yfirráðasvæðið
	Þýskaland	DE	Allt yfirráðasvæðið
	Eistland	EE	Allt yfirráðasvæðið
	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Grikkland	EL	Allt yfirráðasvæðið
	Spánn	ES	Allt yfirráðasvæðið
	Frakkland	FR	Allt yfirráðasvæðið
	Ítalía	IT	Allt yfirráðasvæðið
	Kýpur	CY	Allt yfirráðasvæðið
	Lettland	LV	Allt yfirráðasvæðið
	Litháen	LT	Allt yfirráðasvæðið
	Lúxemborg	LU	Allt yfirráðasvæðið
	Ungverjaland	HU	Allt yfirráðasvæðið
	Malta	MT	Allt yfirráðasvæðið
	Holland	NL	Allt yfirráðasvæðið
	Austurríki	AT	Allt yfirráðasvæðið
	Pólland	PL	Allt yfirráðasvæðið
	Portúgal	PT	Allt yfirráðasvæðið
	Rúmenía	RO	Allt yfirráðasvæðið
	Slóvenía	SI	Allt yfirráðasvæðið
	Slóvakía	SK	Allt yfirráðasvæðið
	Finnland	FI	Allt yfirráðasvæðið
	Svíþjóð	SE	Allt yfirráðasvæðið
	Bretland	UK	Allt yfirráðasvæðið

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun sjúkdómalaus svæðisins (aðildarríki, svæði eða hólfi)
Sýking af völdum marteliúveikisýkils ( <i>Marteilia refringens</i> )	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Bretland	UK	Öll strandlengja Stóra-Bretlands, Norður-Írlands, Guernsey, Herm og Manar Öll strandlengja Norður-Írlands Öll strandlengja Guernsey og Herm Strandsvæði Jersey: svæðið samanstendur af ströndinni, þar sem sjávarfalla gætir, og svæðinu næst ströndinni milli meðalflóðmarka á eyjunni Jersey og ímyndaðrar línu sem dregin er þrjár sjómilur frá meðalfjörumörkum á eyjunni Jersey. Svæðið er í flóanum milli Normandí og Bretagne, sunnan við Ermarsund Öll strandlengja Manar.
Sýking af völdum ostruveikisýkils ( <i>Bonamia ostreae</i> )	Írland	IE	Öll strandlengja Írlands, nema: <ul style="list-style-type: none"> <li>1. Cork Harbour</li> <li>2. Galway Bay</li> <li>3. Ballinakill Harbour</li> <li>4. Clew Bay</li> <li>5. Achill Sound</li> <li>6. Loughmore, Blacksod Bay</li> <li>7. Lough Foyle</li> <li>8. Lough Swilly</li> </ul>
	Bretland	UK	Öll strandlengja Stóra-Bretlands, nema: <ul style="list-style-type: none"> <li>1. suðurströnd Cornwall frá Lizard að Start Point,</li> <li>2. strönd Dorset, Hampshire og Sussex frá Portland Bill að Selsey Bill,</li> <li>3. svæðið meðfram strönd North Kent og Essex frá North Foreland að Felixstowe,</li> <li>4. svæðið meðfram strönd suðvestur-Wales frá Woollack Point að St. Govan's Head, að meðtöldu Milford Haven og þar sem sjávarfalla gætir austan og vestan Cleddau-árinna,</li> <li>5. vatnasvæði Loch Sunart sem er austan við línu sem er dregin í suðsuðaustur frá nyrsta odda Maclean's Nose að Auliston Point,</li> <li>6. svæðið sem nær yfir West Loch Tarbert norðaustan við línu sem er dregin í austsuðaustur við Ardpatrick Point NR 734 578 að North Dunskeig Bay við NR 752 568</li> </ul> Öll strandlengja Norður-Írlands, nema: <ul style="list-style-type: none"> <li>1. Lough Foyle</li> </ul> Öll strandlengja Guernsey, Herm og Manar Strandsvæði Jersey: svæðið samanstendur af ströndinni, þar sem sjávarfalla gætir, og svæðinu næst ströndinni milli meðalflóðmarka á eyjunni Jersey og ímyndaðrar línu sem dregin er þrjár sjómilur frá meðalfjörumörkum á eyjunni Jersey. Svæðið er í flóanum milli Normandí og Bretagne, sunnan við Ermarsund
Hvitblettaveiki			

## II. VIÐAUKI

## FYRIRMYND VEGNA FRAMLAGNINGAR EFTIRLITSÁÆTLANA TIL SAMÞYKKIS OG VEGNA YFIRLÝSINGA UM EFTIRLITSÁÆTLANIR

Kröfur/upplýsingar sem leggja skal fram	Upplýsingar/nánari útskýringar og rökstuðningur
<b>1. Auðkenning áætlunarinnar</b>	
1.1. Aðildarríki sem leggur fram yfirlýsinguna	
1.2. Lögbært yfirvald (heimilisfang, bréfsími, tölvupóstfang)	
1.3. Tilvísunarnúmer þessa skjals	
1.4. Sendingardagur til framkvæmdastjórnarinnar	
<b>2. Tegund orðsendingar</b>	
2.1. <input type="checkbox"/> Yfirlýsing vegna eftirlitsáætlunar	<input type="checkbox"/>
2.2. <input type="checkbox"/> Umsókn um eftirlitsáætlun	<input type="checkbox"/>
<b>3. Landslöggjöf<sup>(1)</sup></b>	
<b>4. Sjúkdómar</b>	
4.1. Fiskur	<input type="checkbox"/> VHS-veiki <input type="checkbox"/> IHN-veiki <input type="checkbox"/> ISA-veiki <input type="checkbox"/> KHV-veiki
4.2. Lindýr	<input type="checkbox"/> <i>Marteilia refringens</i> <input type="checkbox"/> <i>Bonamia ostreae</i>
4.3. Krabbadýr	<input type="checkbox"/> Hvitblettaveiki
<b>5. Almennar upplýsingar um áætlanirnar</b>	
5.1. Lögbært yfirvald <sup>(2)</sup>	
5.2. Skipulag og eftirlit með öllum hagsmunaaðilum sem koma að áætluninni <sup>(3)</sup>	
5.3. Yfirlit yfir skipan lagareldisíðnaðarins á viðkomandi svæði, þ.m.t. tegundir framleiðslu og tegundir dýra sem eru haldin þar.	
5.4. Síðan hvenær hefur verið skyldubundið að senda tilkynningu til lögbærs yfirvalds um grun eða staðfestingu á uppkomu viðkomandi sjúkdóms eða sjúkdóma (dagsetning)?	
5.5. Síðan hvenær hefur snemmgreiningarkerfi (áður kerfi til að tryggja hraðgreiningu), sem gerir lögbæru yfirvaldi kleift að rannsaka sjúkdóma á skilvirkan hátt og tilkynna um þá, verið fyrir hendi í öllu aðildarríkinu (dagsetning)? <sup>(4)</sup>	

Kröfur/upplýsingar sem leggja skal fram	Upplýsingar/nánari útskýringar og rökstuðningur
5.6. Uppruni lagareldisdýra af tegundum, sem eru næmar fyrir viðkomandi sjúkdómi, sem koma inn í aðildarríkið, svæðið eða hólfið til eldis.	
5.7. Leiðbeiningar um góðar hollustustarfsvenjur <sup>(5)</sup>	
5.8. Faraldsfræðilegar aðstæður sjúkdómsins á a.m.k. næstliðnum fjórum árum áður en áætlunin kom til framkvæmdar <sup>(6)</sup>	
5.9. Lýsing á áætluninni sem lögð er fram <sup>(7)</sup>	
5.10. Gildistími áætlunarinnar	
<b>6. Svæði sem áætlunin tekur til <sup>(8)</sup></b>	
6.1. <input type="checkbox"/> Aðildarríki	
6.2. <input type="checkbox"/> Svæði (vatnasvið í heild sinni) <sup>(9)</sup>	
6.3. <input type="checkbox"/> Svæði (hluti af vatnasviði) <sup>(10)</sup>	
Tilgreinið náttúrulegu eða tilbúnu hindrunina sem afmarkar svæðið, lýsið henni og færið rök fyrir því að hún geti komið í veg fyrir að lagardýr gangi upp frá neðri hlutum vatnasviðsins	
6.4. <input type="checkbox"/> Svæði (fleiri en eitt vatnasvið) <sup>(11)</sup>	
6.5. <input type="checkbox"/> Hólf sem er óháð heilbrigðisástandi á svæðum umhverfis það <sup>(12)</sup>	
Tilgreinið vatnsveitu til hverrar eldisstöðvar og lýsið henni <sup>(13)</sup>	<input type="checkbox"/> Brunnur, borhola eða uppspretta <input type="checkbox"/> Vatnshreinsunarstöð sem gerir viðkomandi sjúkdómsvalda óvirka <sup>(14)</sup>
Tilgreinið náttúrulegar eða tilbúnar hindranir fyrir hverja eldisstöð, lýsið þeim og færið rök fyrir því að þær geti komið í veg fyrir að lagardýr komist inn í eldisstöð í tilteknu hólfi úr vatnsföllunum í kring	
Tilgreinið og lýsið því hvernig hver eldisstöð er varin gegn því að vatn flæði eða síst inn í eldisstöðina frá vatnsföllunum umhverfis það.	
6.6. <input type="checkbox"/> Hólf sem er háð heilbrigðisástandi á svæðum umhverfis það <sup>(15)</sup>	
<input type="checkbox"/> Ein faraldsfræðileg eining vegna landfræðilegrar staðsetningar og fjarlægðar frá öðrum eldisstöðvum/eldissvæðum <sup>(16)</sup>	
<input type="checkbox"/> Allar eldisstöðvar innan hólsins eru með sameiginlegt líföryggiskerfi <sup>(17)</sup>	
<input type="checkbox"/> Allar viðbótarkröfur <sup>(18)</sup>	
6.7. Eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði sem falla undir áætlunina (skráningarnúmer og landfræðileg staðsetning)	

Kröfur/upplýsingar sem leggja skal fram	Upplýsingar/nánari útskýringar og rökstuðningur
<b>7. Ráðstafanir í framlagðri áætlun</b>	
7.1. Samantekt á ráðstöfunum innan ramma áætlunarinnar	
Fyrsta árið	Síðasta árið
<input type="checkbox"/> Prófun	<input type="checkbox"/> Prófun
<input type="checkbox"/> Föngun til manneldis eða til frekari vinnslu	<input type="checkbox"/> Föngun til manneldis eða til frekari vinnslu
<input type="checkbox"/> Tafarlaus	<input type="checkbox"/> Tafarlaus
<input type="checkbox"/> Seinkuð	<input type="checkbox"/> Seinkuð
<input type="checkbox"/> Fjarlæging og förgun	<input type="checkbox"/> Fjarlæging og förgun
<input type="checkbox"/> Tafarlaus	<input type="checkbox"/> Tafarlaus
<input type="checkbox"/> Seinkuð	<input type="checkbox"/> Seinkuð
<input type="checkbox"/> Aðrar ráðstafanir (tilgreinið)	<input type="checkbox"/> Aðrar ráðstafanir (tilgreinið)
7.2. Lýsing á ráðstöfunum í áætluninni <sup>(19)</sup>	
Markhópur/tegundir	
Notaðar prófanir og sýnatökukerfi. Rannsóknarstofur sem koma að áætluninni <sup>(20)</sup>	
Reglur um tilflutning á dýrum	
Ráðstafanir ef niðurstaða reynist jákvæð <sup>(21)</sup>	
Stjórn á og eftirlit með framkvæmd áætlunarinnar og skýrslugjöf	

- (<sup>1</sup>) Gildandi landslögjöf sem á við um eftirlitsáætlunina.
- (<sup>2</sup>) Veita skal lýsingu á skipulagi, hæfni, skyldum og valdheimildum lögbæra yfirvaldsins sem á í hlut.
- (<sup>3</sup>) Veita skal lýsingu á lögbæru yfiröldunum sem bera ábyrgð á eftirliti með og samræmingu á áætluninni og þeim ólíku stjórnendum sem eiga í hlut.
- (<sup>4</sup>) Snemmgreiningarkerfnum er einkum ætlað að sjá til þess að hröð greining fari fram á öllum klínískum einkennum sem renna stoðum undir grun um sjúkdóm, nýtilkominn sjúkdóm eða óútskýrð afföll í eldisstöðvum eða á lindýraeldissvæðum og í náttúrinni og að lögbæru yfirvaldi verði tilkynnt fljótt um atburðinn með það að markmiði að hafnar verði greiningartengdar rannsóknir sem allra fyrst. Snemmgreiningarkerfi skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi:
- a) að starfsfólk, sem starfar í lagareldisfyrirtækjum eða kemur að vinnslu lagareldisdyra, sé almennt meðvitað um öll einkenni sem renna stoðum undir að um sjúkdóm sé að ræða, og þjálfun dýralækna og sérfræðinga í heilbrigði lagardýra í að þekkja og tilkynna um óvenjuleg sjúkdómstilvik,
  - b) að dýralæknar eða sérfræðingar í heilbrigði lagardýra eru þjálfaðir í að þekkja og tilkynna um grunsamleg sjúkdómstilvik,
  - c) að lögbært yfirvald hafi aðgang að rannsóknarstofum sem eru með aðstöðu til þess að greina skráða og nýtilkomna sjúkdóma og gera greinarmun á þeim.
- (<sup>5</sup>) Veita skal lýsingu í samræmi við 9. gr. tilskipunar 2006/88/EB.
- (<sup>6</sup>) Veita skal upplýsingar með því að nota töfluna sem mælt er fyrir um í A-hluta III. viðauka. Gildir eingöngu um eftirlitsáætlanir sem framkvæmdastjórnin þarf að samþykkja.
- (<sup>7</sup>) Veita skal gagnorða lýsingu á áætluninni þar sem sagt er frá helstu markmiðum hennar, helstu ráðstöfunum, markhópnum, svæðum þar sem hún kemur til framkvæmda og skilgreiningu á því hvað telst vera jákvætt tilvik.
